



Garðabær 12.okt 2017

Berist til: Stjórnar ÍTG

Erindi: Endurnýjun á samstarfssamningi við hlaupahóp Stjörunnar vegna Stjörnuhlaupsins.

Með erindi þessu óskar UMF Stjarnan fh. Hlaupahóps Stjörunnar eftir að samningur um Stjörnuhlaupið verði framlengd um þrjú ár.

Hlaupahópur Stjörunnar (HHS) hefur vaxið og dafnað frá því að félagið var stofnað haustið 2012. Að jafnaði eru 80-100 skráðir meðlimir í hópnum. Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar (ÍTG) og UMF Stjarnan skrifuðu undir þriggja ára styrktarsamning árið 2015 þegar HHS tók við Stjörnuhlaupinu. Tilgangurinn var að veita félaginu/deildinni stuðning til að byggja upp Stjörnuhlaupið sem viðburð í bæjarsamfélaginu. Samningur aðila rann út núna á árinu 2017.

HHS setti sér það markmið árið 2015 að ná 300 þátttakendum á fyrsta ári og stefndi að 500 þátttakendum árið 2017. Þau markmið gengu eftir og að auki var Stjörnuhlaupið valið 5 besta götuhlaupið árið 2015 í könnun sem hlaup.is stendur fyrir árlega á meðal hlaupara og þriðja besta götuhlaupið árið 2016. Könnun hlaup.is fyrir árið 2017 stendur yfir þessa daganna og verða niðurstöður birtar í lok ársins. Öll þessi ár eða frá því að HHS tók við Stjörnuhlaupinu hefur FRÍ veitt Hlaupahópnum heimild til að halda Íslandsmeistaramót í 10km vegalengd og fengið góð ummæli og hrós frá FRÍ og hlaupasamfélaginu fyrir framkvæmd og góða umgjörð.

Með yfir 500 þátttakendum er Stjörnuhlaupið orðið eitt af fjölmennustu hlaupum landsins fyrir utan hlaup á vegum ÍBR (Reykjavíkurmaraþon og Miðnæturhlaupið) og ÍR (Gamlárshlaupið). Yfir 80 götuhlaup eru haldin árlega og mikið af hlaupum í boði yfir háanna tímann; vor- og sumartímann. Í ljósi þessa framboðs af götuhlaup má segja að árangur HHS sé nokkuð góður. Framkvæmdanefnd hlaupsins hefur lagt mikla áherslu á umgjörðina, öryggið í braut og góða upplifinu fyrir hlaupara með góðum veitingum, vinningum, skemmtun og aðstöðu eftir hlaup í hvelfingunni á Garðatorgi 7. Af öllu samanlögðu hafa þessi atriði skapað Stjörnuhlaupinu sérstöðu og árangurinn eftir því.

Á þessum tímamótum stefnir framkvæmdanefnd Stjörnuhlaupsins áfram á að gera enn betur. Markmiðin eru skýr, fjölga þátttakendum í 800-1.000 og bæta umgjörð hlaupsins og upplifun þátttakenda ennfrekar næstu þrjú árin. Þar verður horft til þess að fjölga yngri aldursflokki, stíga skrefið hægt og smátt með að laða erlenda þátttakendur í hlaupið og efla viðburðinn ennfrekar í bænum og virkja betur bæjarbúa í Garðabæ.

Með ofangreint í huga, fer UMF Stjarnan þess á leit við ÍTG að samningur ÍTG og UMF Stjörunnar sem rann út árið 2017 verði framlengdur næstu þrjú árin um sömu fjárhæðir árlega vísitölutengdri en síðasti samningur hlóðaði upp á 500.000kr á ári.



Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026